

Blíð byrjun

Skýrsla starfshóps



Janúar 2012

Blíð byrjun

Skýrsla starfshóps

Janúar 2012

Efnisyfirlit

Tillögur starfshópsins	4
Inngangur	6
Hlutverk og verkefni starfshóps	6
Gagnasöfnun og vinnulag starfshópsins	7
Vettvangsheimsóknir	8
Rýnihópar	9
Fundargerðir	11
Hugmyndafræði Blíðrar byrjunar	19
Fyrirmyndir að Blíðri byrjun	20
Tillögur starfshópsins	22
1. Uppbygging ung barnaleikskóla	22
2. Daggæsla í heimahúsum	22
3. Fjölskyldumiðstöð í anda Blíðrar byrjunar og Pen Green	24
4. Fjölbreytt notkun á almenningsgörðum í hverfum borgarinnar	27
5. Alhliða vefsíða um börn og fjölskyldur	27
6. Sjónvarpsþáttur um allt sem snýr að börnum og fjölskyldum þeirra	28
7. Bæklingar, límmiðar, seglar og póstkort	28
8. Sjálfboðaliðastarf í samstarf við Rauða krossinn	28
9. Endurmat á verkefnum	29
Tenglar á heimasíður sem tengjast vinnu starfshópsins	30
Heimildir	31
Fylgiskjöl	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Erindisbréf	31
Helstu niðurstöður úr rýnihópum	33

Tillögur starfshópsins

1. Uppbygging yngri barna deilda í leikskóla

Samstarf við Menntavísindasvið HÍ og RannUng um uppbyggingu og frekari þróun yngri barna deilda í leikskólum Reykjavíkurborgar.

2. Daggæsla í heimahúsum

- a) Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum verði endurskoðuð.
- b) Tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um daggæslu barna í heimahúsum að fyrirmynd verkefnisins *Giv dit barn en stressfri start* í Kaupmannahöfn.
- c) Tilraunaverkefni um aukið samstarf dagforeldra og leikskóla.

3. Fjölskyldumiðstöð í anda Blíðrar byrjunar og Pen Green

Reykjavíkurborg setji á stofn fjölskyldumiðstöð að fyrirmynd Pen Green og Sure Start í Bretlandi. Fyrsta miðstöðin verði opnuð í Breiðholti sem tilraunaverkefni til þriggja ára í tengslum við átakswerkefnið *111 Reykjavík* og starfi eftir hugmyndafræði *Blíðrar byrjunar*. Útfærslur á hugmyndinni eru:

a) Fjölskyldumiðstöð í leikskóla í hverfinu.

Fjölskyldumiðstöð í Breiðholti komið á fót í samvinnu við leikskólann Holt í Fellahverfi.

b) Fjölskyldumiðstöð í Gerðubergi – griðastaður góðra hugmynda

Starfsemi Gerðubergs víkkuð út og hugmyndafræði *Blíðrar byrjunar* innleidd í starfið sem fyrir er.

c) Fjölskyldumiðstöðvar í öðrum hverfum borgarinnar

Fjölskyldumiðstöðvar opnaðar í hverfum borgarinnar, hver með sínu sniði og miðaðar við þarfir íbúa.

d) Draumamiðstöðin – sérbyggt húsnaði í anda Blíðrar byrjunar

Sérhönnuð fjölskyldumiðstöð verði byggð í grennd við grænt svæði og nálægt leikskóla. Í fjölskyldumiðstöðinni yrði einnig rekinn „opinn leikskóli“.

4. Fjölbreytt notkun á almenningsgörðum í hverfum borgarinnar

Græn svæði og leikvællir verði þannig útbúnir að þeir nýtist íbúum betur en nú er. Fara í markvissa samvinnu við hverfasamtök.

5. Alhliða vefsíða um börn og fjölskyldur

Opnuð verði virk og aðgengileg vefsíða á rvk.is með upplýsingum um uppeldi og umönnun barna.

6. Sjónvarpsþáttur um allt sem snýr að börnum og fjölskyldum þeirra

Reykjavíkurborg veiti styrki til að gera stutta sjónvarpsþætti um málefni barna og foreldra.

7. Bæklingar, límmiðar, seglar og póstkort

Gerðir verði bæklingar, seglar og póstkort með upplýsingum um uppeldi og umönnun barna.

8. Sjálfbóðaliðastarf í samstarf við Rauða krossinn

Reykjavíkurborg nýti þekkingu Rauða krossins við að koma á sjálfbóðaliðastarfi við innleiðingu *Blíðrar byrjunar*.

9. Endurmat á verkefnum

Verkefnið í heild sinni verði metið í lokin af hæfum matsfræðingum með áframhaldandi starf í huga og að þekking og viðhorf þeirra sem komið hafa að málum verið nýtt til umbóta.



Inngangur

Fyrir nokkrum árum var ákveðið á Leikskólasviði að koma af stað verkefni sem tæki á aðlögun og aðgengi barnafjölskyldna að þjónustu Reykjavíkurborgar. Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu, hafði kynnst hugmyndafræði Pen Green fjölskyldumiðstöðvarinnar í Corby í Englandi sem var sett á stofn af dr. Margy Walley og fleirum árið 1983. Árið 1999 var ýtt úr vör áþekku átaksverkefni í Bretlandi undir nafninu *Sure Start*. Bæði Pen Green miðstöðin og *Sure Start* verkefnið miða að því að efla og samþætta þjónustu við foreldra með ung börn. Þetta tvennt varð kveikjan að hugmyndinni að verkefninu *Blíð byrjun*. Verkefnið var sett inn sem skref í starfsáætlun Leikskólasviðs árið 2008. Vorið 2009 var skipaður starfshópur til þriggja ára sem átti að leggja fram tillögur, gera áætlun og ýta *Blíðri byrjun* úr vör í samstarfi við stofnanir og einstaklinga sem tengjast þjónustu við börn og foreldra.

Vorið 2010 var ákveðið að stytta starfstíma starfshópsins úr þremur árum í tvö vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu. Ljóst var að ekki fengist fjármagn til þess að koma verkefninu af stað, eins og hópnum var upphaflega ætlað að gera. Starfshópurinn gerði því ekki áætlun um samstarf stofnana og mat á verkefninu, eins og kveðið var á um í erindisbréfi, en lagði fram tillögur og leiðir um hvernig auka mætti þjónustu við ung börn og foreldra í Reykjavík.

Hlutverk og verkefni starfshóps

Í erindisbréfi starfshópsins segir:

Blíð byrjun er verkefni sem tekur á mótun farsællar og aðgengilegrar byrjunar/tengingar fjölskyldu og barns við þjónustu samfélagsins.

Helstu verkefni starfshópsins samkvæmt erindisbréfi voru að:

- Kynna sér verkefni af sama toga, s.s. starfsemi Pen Green, *Sure start* og *Stressfri start*
- Setja fram tilgang og markmið
- Setja fram leiðir að markmiði
- Gera áætlun um samstarf stofnana
- Gera áætlun um mat á verkefninu
- Leggja fram tillögur að innleiðingu verkefnisins *Blíð byrjun*, upphafi og umfangi
- Undirbúa framkvæmd verkefnisins
- Ýta verkefninu úr vör

Fulltrúar í starfshópnum voru:

- Arna Hrönn Aradóttir, daggæsluráðgjafi á þjónustumiðstöð Árbæjar- og Grafarholts, fulltrúi Velferðarsviðs
- Auður Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi, starfsmannabjónustu Leikskólasviðs
- Kristín Sveinsdóttir, deildarstjóri yngstu barna í Fálkaborg, fulltrúi leikskóla
- Kristín Sæmundsdóttir, verkefnastjóri foreldrasamvinnu á leikskólaskrifstofu Leikskólasviðs
- Sesselja Guðmundsdóttir, sviðsstjóri ung- og smábarnaverndar, fulltrúi Heilsugæslu
- Sigríður Brynjarsdóttir, deildarstjóri yngstu barna í Hofi, fulltrúi leikskóla
- Sigríður Marteinsdóttir, verkefnastjóri daggæslu á leikskólaskrifstofu Leikskólasviðs, formaður hópsins
- Sigrún Einarsdóttir, verkefnastjóri mats á leikskólastarfi á leikskólaskrifstofu Leikskólasviðs, starfsmaður hópsins
- Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri í Fellaborg, síðar aðstoðarskólastjóri Dalskóla, fulltrúi leikskólastjóra

Gagnasöfnun og vinnulag starfshópsins

Eitt af hlutverkum starfshópsins var að kalla sérfræðinga til fundar við hópinn til að miðla af þekkingu sinni og reynslu af málefnum barna og fjölskyldna og koma þannig með víðara sjónarhorn. Starfshópurinn kappkostaði að fá til samstarfs aðila sem talið var að gætu lagt eitthvað til verkefnisins. Með fundunum gafst einnig tækifæri til að segja fjölbreyttum hópi einstaklinga sem koma að málefnum barna og fjölskyldna frá verkefninu *Blíð byrjun*. Við fundarboðun var sá háttur hafður á, að þeir aðilar sem voru boðaðir á fundi voru upplýstir um tildrög og markmið verkefnisins og komu því undirbúnir.

Gestir starfshópsins voru:

- Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna.
- Arna H. Jónsdóttir og Hrönn Pálmadóttir, lektorar á Menntavísindasviði HÍ.
- Sigríður Jónsdóttir, félagsfræðingur og starfsmaður í velferðarráðuneyti.
- Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu Leikskólasviðs.
- Lára Björnsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnastjóri í velferðarráðuneyti.

- Gyða Haraldsdóttir, yfirsálfræðingur á Þroska- og hegðunarstöð heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins.
- Fanný Heimisdóttir, Gyða Guðmundsdóttir og Halldóra B. Gunnlaugsdóttir, leikskólastjórnendur í Fellahverfi.
- Elísabet Jóhannsdóttir, starfsmaður Biskupsstofu, Ragnheiður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður fjölskyldumiðstöðvar Reykjavíkurdeildar Rauða krossins, Rósa Björk Sigurðardóttir frá Hinu húsinu og Þorbjörg Karlsdóttir, fulltrúi Borgarbókasafnsins.
- Stefanía Arnardóttir, hjúkrunarfræðingur í geðteymi heimahjúkrunar, vinnur að þróunar- og rannsóknarverkefni á fjölskyldumiðaðri stuðningsmeðferð.

Vettvangsheimsóknir

Starfshópurinn heimsótti tvo skóla á starfstímabilinu. Fyrri heimsóknin var í leikskólann Fellaborg í Fellahverfi, sem heitir í dag leikskólinn Holt. Þar dvelja börn af ýmsu þjóðerni sem búa við mismunandi félagslegar aðstæður. Seinni heimsóknin var í Krikaskóla í Mosfellsbæ sem er nýlegur leik- og grunnskóli en þar fer fram samþætt nám leik- og grunnskólabarna þar sem lögð er áhersla á samstarf við nærsamfélagið.

Nokkrir úr starfshópnum sóttu fræðslufund um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem haldinn var á vegum Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. Þar var m.a. kynning á því hvernig unnið er með sáttmálann í nokkrum leikskólum borgarinnar.

Þá fóru tveir fulltrúar starfshópsins á tvö nýleg kaffihús í miðborginni sem rekin eru af ungum konum. Þær leggja áherslu á að bjóða til sín foreldrum með börn sín, hafa útbúið leikaðstöðu fyrir börnin ásamt aðstöðu fyrir mæður/foreldra til að gefa brjóst/pela og skipta á börnum sínum. Þarna gefst tækifæri til að hitta aðra foreldra í svipaðri aðstöðu og foreldrar geta spjallað saman á meðan börn þeirra leika sér í sérútbúinni leikaðstöðu. Fulltrúum starfshópsins lék forvitni á að vita hvort upplýsingar um fræðslu, námskeið eða annað sem getur komið ungum foreldrum til góða lögju frammi á kaffihúsunum en það reyndist ekki vera í miklu mæli. Bæði kaffihúsin halda úti heimasíðum en að sögn eigandanna eru þeir að fíkra sig áfram varðandi fræðslu fyrir foreldra og börn.

Fulltrúar starfshópsins fóru einnig í heimsókn í heilsugæslustöðina Miðbæ til þess að kanna hvað þar væri til af bæklingum sem nýtast foreldrum ungra barna. Eitthvað var um slíka bæklinga en þeir voru ekki nýir af nálinni. Fulltrúi heilsugæslunnar í starfshópnum benti á að

minna væri nú um útgáfu bæklinga en upplýsingar væri að finna á heimasíðu Heilsugæslunnar á undirsíðunni *6H heilsunnar* (<http://www.6h.is/>).

Rýnihópar

Ákveðið var að kalla til rýnihópa ungra foreldra í samvinnu við starfsmenn Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Leikskóla- og Menntasviðs (TOR). Markmiðið með rýnihópunum var að kortleggja hvert foreldrar leita eftir upplýsingum um þjónustu borgarinnar og hvar þeir almennt fá vitneskju um það sem snýr að börnum, umönnun þeirra, uppeldi og daggæsluúrræðum að loknu fæðingarorlofi foreldra.

Rýnihóparnir voru þrír, tveir hópanna hittust á mömmumorgnum í tveimur kirkjum borgarinnar og þriðji hópurinn hittist í Hinu húsinu. Auk þess var tekið viðtal við Magneu Sverrisdóttir, djákna í Hallgrímskirkju, sem er umsjónarmaður foreldramorgna í kirkjunni, til að fræðast um reynslu hennar af starfi með foreldrum af erlendum uppruna.

Helstu niðurstöður úr rýnihópunum sýna að vitneskja foreldra um hvar hægt er að nálgast upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði er brotarkennd og flestir foreldra vita ekki hvert þeir eiga að snúa sér til þess að nálgast þjónustuna. Gagnrýni foreldra í rýnihópunum beindist helst að því að upplýsingar væru ekki aðgengilegar á einum stað, sem gerir fólk óöruggt. Dæmi um athugasemdir foreldra:

- *Það væri best að það væri einn staður sem er með allar upplýsingar um atriði sem fólk þarf að fá.*
- *Það er enginn einn vegur sem hægt er að fylgja sem leiðir fólk í allan sannleikann um þessu mál og hvað er í boði hverju sinni.*
- *Upplýsingarnar koma aðallega í gegnum tengslanet fólks.*

Sumir kvörtuðu yfir aðstöðuleysi til að hittast með börn, t.d. í almenningsgörðum og róluvöllum og vildu nýta róluvellina betur.

Þegar spurt var hvort foreldrar leituðu til þjónustumiðstöðva í hverfunum var athyglisvert að heyra hve fáir vissu af þeim og hvað þar væri í boði. Einnig var misjafnt hvort þátttakendur vissu af þjónustutryggingunni.

Þátttakendur í rýnihópunum sögðust hafa fengið upplýsingar um þjónustu heilsugæslunnar í gegnum mæðra- og ungubarnavernd, t.d. um ýmskonar námskeið um uppeldisfærni. Einnig höfðu einstaka starfsmenn heilsugæslunnar vísað foreldrum áfram á þá þjónustu sem í boði er.

Starfsmaður Hins hússins sagði að gott væri fyrir unga foreldra að koma í Hitt húsið til þess að fá „alvöru fræðslu“ í stað þess að heyra utan af sér um „allskonar hluti, misgóða, tengda umönnun og uppeldi barna“. Hann nefndi sem dæmi „óheilbriggt andrúmsloft“ á sumum netmiðlum. Félagsskapurinn í Hinu húsinu væri líka mikilvægur fyrir þessa ungu foreldra.

Magnea Sverrisdóttir, djákni, benti einnig á skort á upplýsingum. Erlendir foreldrar virðast ekki hafa sömu möguleika til þess að afla sér upplýsinga eins og þeir sem hafa tengslanet og sama gildir um þá sem eru ekki félagslega sterkir. Magnea benti á að erlendir foreldrar fengju oft mjög rangar og misvísandi upplýsingar frá öðrum foreldrum þegar þeir eru að leita eftir dagforeldrum. Skilaboðin væru: „Þú átt að hringja og grenja í símann“. Eins ættu erlendir foreldrar erfitt með að fá réttar upplýsingar um leikskólakerfið hér á landi, t.d. viti sumir þeirra ekki að leikskólar á Íslandi lúti allir sömu lögum og reglugerð. Umræðan um leikskóla í hópi erlendra foreldra er því oft villandi og skilaboðin brengluð. Í fylgiskjali 3 er samantekt á umræðum í rýnihópunum.

Fundargerðir

Starfshópurinn fundaði reglulega frá því í apríl 2009 til febrúar 2011. Auk þess var haldinn áfangafundur í júní 2011 þar sem farið var yfir tillögur og drög að skýrslu. Á fundunum kynntu fulltrúar í starfshópnum ýmis verkefni sem þeir höfðu komið að m.a. sagði Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir leikskólastjóri frá samstarfi sínu við foreldra í Fellaborg og þeim leiðum sem hún hefur valið að fara. Kristín Sæmundsdóttir kynnti nýja foreldrahandbók Leikskólasviðs, *Fjölskylda og leikskóli, handbók um samstarf*, sem er handbók fyrir starfsfólk leikskóla. Sigríður Brynjarsdóttir leikskólakennari í Hofi kynnti leiðir í foreldrasamstarfi í leikskólanum Hofi á yngstu deild. Sigrún Einarsdóttir leikskólaráðgjafi og Sigríður Brynjarsdóttir leikskólakennari sögðu frá heimsókn í Pen Green fjölskyldumiðstöðina í Corby í Englandi.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir því helsta sem var til umræðu á fundunum en starfshópurinn telur mikilvægt að skýrslan endurspegli þau skoðanaskipti og umræður er þar áttu sér stað og eru undirstaðan að tilögum hópsins.

1. fundur

Ákveðið hvaða sérfræðinga starfshópurinn vildi fá til ráðgjafar og samstarfs. Einnig voru settar á blað hugmyndir að samstarfi við stofnanir sem vinna með foreldrum ungra barna. Þá var rætt um stofnanir og verkefni erlendis sem hópurinn vill líta til, s.s. Pen Green fjölskyldumiðstöðina í Englandi og Sure Start verkefnið í Bretlandi. Hugmyndafræði beggja gengur út á að vinna með foreldrum og veita börnum og foreldrum fjölbreytta þjónustu.

2. fundur

Rætt um hvernig hægt væri að auka samstarf við heilsugæsluna. Farið yfir hin ýmsu verkefni sem verið er að vinna að í samstarfi við foreldra í leikskólum, s.s. tannverndarverkefni, eineltisáætlanir og forvarnir. Meðlimir starfshópsins miðluðu þekkingu sinni og reynslu. Upplýsingar um Pen Green miðstöðina og grein úr bókinni *Working with Parents* eftir dr. Margy Whalley lögð fram, en Whalley er einn af stofnendum Pen Green.

3. fundur

Umboðsmaður barna, Margrét M. Sigurðardóttir, mætti á fundinn. Hún lagði áherslu á hlutverk foreldra og kennara í uppeldi barna og nefndi sem dæmi leikskólann sem góða fyrirmynd, vegna þeirra tengsla og trausts sem foreldrar finna fyrir. Margrét benti á að mikilvægt væri að hafa að leiðarljósi að allir aðilar sameinist um velferð barnsins og mætist á miðri leið. Margréti var einnig tíðrætt um kynjahlutverkin, hvernig samskipti við eigum við

kynin og mikilvægi þess að fullorðnir hlusti á og virði börn. Einnig var rætt um Barnasáttmálann og nauðsyn þess að allir þekktu hann. Margrét talaði um lýðræði barna og bentu á að þegar Barnasáttmálinn er lesinn þarf sérstaklega að huga að 2., 3., 6. og 12. grein.

4. fundur

Rætt um bók Sæunnar Kjartansdóttur, sálgreinis, *Árin sem enginn man*. Hópurinn var sammála um að nauðsynlegt sé fyrir starfsfólk leikskóla og aðra sem starfa með ungum börnum að gera sér grein fyrir mikilvægi tilfinningatengsla og að vel sé búið að börnum fyrstu ævírin. Fundarmenn veltu einnig fyrir sér hugtakinu *Blíð byrjun*, hvað fólki væri efst í huga þegar horft er til framtíðar og hverju hópurinn vildi stefna að að þremur árum liðnum. Fram komu fyrstu hugmyndir að tillögum starfshópsins.

5. fundur

Gestir starfshópsins voru Arna H. Jónsdóttir og Hrönn Pálmadóttir, lektorar við Menntavísindasvið HÍ. Rætt var um aðferðir Pen Green til að nálgast foreldra, en Arna og Hrönn hafa báðar heimsótt Pen Green og kynnst hugmyndfræðinni. Sérstaklega var rætt um hugtakið „A team around a child“ og hvernig hægt er að heimfæra það á aðstæður hér á Íslandi. Þessi nálgun ætti að vera í leikskólanum, að mati Örne og Hrannar, en hafa verður í huga að bakgrunnur fólks og menning hvers lands er mismunandi þannig að það er ekki heppilegt að taka upp „hráar“ hugmyndir heldur verður að aðlagja þær aðstæðum á hverjum stað. Fundarmenn veltu fyrir sér af hverju börnin eru ekki sett í fyrsta sæti á Íslandi. Rætt var um hvernig fjölskyldumiðstöð myndi henta íslenskum foreldrum, hver væri hvatin að stofnun slíkrar miðstöðvar og hvar ætti að leita að fólki til að móta hugmyndafræðina. Starfshópurinn taldi mikilvægt að sjónarmið fólks sem hefði trú á hugmyndinni fengi að ráða og að fyrst yrði leitað til þess hóps. Dr. Margy Whalley, frumkvöðull Pen Green, segir að leikskólinn verði að vera kjarninn í fjölskyldumiðstöðinni og undir það taka Hrönn og Arna; leikskólinn og grunnskólinn séu tengiliðirnir við fjölskylduna. Leikskólinn er nær grasrótinni, foreldrar treysta leikskólanum og þar er hægt að byggja upp og breyta hugarfari fólks. Rannsókn Sólveigar Karvelsdóttur og Jónínu Sæmundsdóttur var til umræðu en hún fjallar m.a. um leikskólakennara sem ráðgjafa foreldra. Rætt var um fagmennskuhugtakið og hvort leikskólakennarar væru faglega í stakk búnir til að vera ráðgjafar. Hvar eru mörkin og hvað eiga leikskólakennarar að ganga langt í fræðslu og ráðgjöf? Hafa þeir fengið næga þjálfun til að koma til móts við ólíka einstaklinga?

6. fundur

Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri Leikskólaskrifstofu, kom á fundinn með margar góðar ábendingar. Hún sagði m.a. frá bæklingi sem sveitarfélag í Bretlandi lét útbúa þar sem fólk er boðið velkomið í sveitarfélagið. Þar eru upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er fyrir foreldra. Einnig var útbúið merki með slagorðum til að að minna foreldra á þjónustuna. Áfram var rætt um Pen Green og Sure Start. Þar er nálgunin sú að stofnunin aðlagar sig að foreldrahópnum, en er það þannig hér? Sífelld er verið að stofan félög um allt mögulegt sem snýr að börnum og foreldrum, en það er lítil sem engin samvinna á milli þessara félaga. Mikill vilji hjá fundarmönnum til að lagfæra þetta og safna upplýsingum um alla þjónustu við ung börn og foreldra þeirra á einn stað. Starfshópurinn velti fyrir sér hverjar þarfir foreldra væru. Reynslan hefur sýnt að foreldrar vilja mjög gjarnan hittast og tala saman, eins og tækifæri gefst til í leikskólanum. Rætt var um að stíga fleiri skref í foreldrasamstarfi til að koma til móts við fjölbreyttan hóp foreldra með ólíkan bakgrunn. Erum við tilbúin til að opna leikskólann, stíga fleiri skref og breyta?

7. fundur

Sesselja Guðmundsdóttir kynnti viðamikla handbók Ung- og smábarnaverndar sem notuð er í heilsugæslustöðvum landsins, *6H Heilsunnar*. H-in standa fyrir hugtökin hreinlæti, hollusta, hvíld, hreyfing, hugrekki, hamingja.

Kristín Sveinsdóttir kynnti þróunarverkefnið *Á ég að hjálpa þér?* sem unnið var á yngstu deild Fálkaborgar og fjallar um samskipti yngstu barnanna.

8. fundur

Gyða Haraldsdóttir, sálfræðingur frá Þroska- og hegðunarstöð heilsugæslunnar (PHS) kynnti viðfangsefni og markmið stöðvarinnar. PHS veitir þjónustu vegna barna sem glíma við frávík eða aðra erfiðleika í þroska eða hegðun. Þroska- og hegðunarstöðin býður einnig upp á námskeið fyrir foreldra, m.a. uppeldisnámskeið sem nefnist *Uppeldi sem virkar - Færni til framtíðar*. Unnið er í þverfaglegum starfshópi eftir markvissu skipulagi með mestu gæði að leiðarljósi.

9. fundur

Fundurinn var með óhefðbundnu sniði þar sem fulltrúar starfshópsins sóttu fræðslufund um Barnasáttmálann sem haldinn var á vegum Leikskólasviðs. Fulltrúi frá skrifstofu umboðsmanns barna kynnti Barnasáttmálann og kennsluvef á heimasíðunni www.barn.is.

Leikskólakennarar í leikskólanum Brekkuborg sögðu frá vinnu sinni með Barnasáttmálann og kynnt voru verkefni sem nemar í leikskólakennarafræðum unnu árið 2009.

10. fundur

Gestur starfshópsins var Sigríður Jónsdóttir félagsfræðingur, starfsmaður í velferðaráðuneyti. Sigríður lagði áherslu á að til að ná árangri með fjölskyldur þyrfti að horfa á hvað er best fyrir hverja fjölskyldu en ekki einblína á aðferðafræðina. Nauðsynlegt sé að fagaðilar tali saman en séu ekki að vinna hver í sínu horni. Þetta krefst róttækra breytinga og breyttrar hugsunar, en áður en farið er út í slíka vinnu þarf að greina hver þörfina er. Það mætti gera með viðtölum við rýnihópa foreldra til þess að fá þeirra sýn og reynslu. Kortleggja þarf hvaða aðilar það eru sem veita þjónustu á ákveðnum svæðum, hvaða þjónustu fólk vill fá og hvernig hún ætti að vera. Í framhaldi yrði komið á þverfaglegri teymisvinnu þar sem fagstéttir stilla sama strengi. Jafnframt verður að gæta þess að þjónustuþegar séu hafði með í ráðum þegar meta á hvort verið er að veita þann stuðning og þjónustu sem stefnt er að.

11. fundur

Lára Björnsdóttir, fyrrverandi félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar og núverandi verkefnastjóri velferðaráðuneytinu, kom á fundinn og ræddi um breytta samfélagsgerð, foreldrar væru upplýstari um hlutverk sitt og um þroska og færni barna sinna. Fólki er umhugað um færni sína sem foreldri í því fjölbreytta og flókna samfélagi sem við lifum við í dag. Leikskólinn er í lykilaðstöðu þar sem litið er á foreldra sem jafningja og best er að ná til foreldra þegar börnin eru lítil. Lára ræddi um samstarf við þjónustumiðstöðvar til að nýta betur sérfræðiþekkinguna. Hún benti á að smá skref eru farsælli, að byrja á að nýta gæðin sem fyrir eru, fá aðrar stofnanir með í verkefnið og selja litlu hugmyndirnar. Það er ekki eins manns verk að fara af stað með nýjar hugmyndir, en eldhugar fá aðra í lið með sér. Lára lagði áherslu á mikilvægi þess að nálgast alla sem jafningja og að allir sem taka þátt í verkefninu verði að vera með í ákvörðunum, til að eiga hlutdeild í verkefninu. Þrautseigja og seigla er nauðsynleg, að vita hvað maður vill.

12. fundur

Starfshópurinn fór í heimsókn í leikskólann Fellaborg þar sem Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir leikskólastjóri og Margarita Hamatsu, starfsmaður í Fellaborg og nemandi í menntunarfræðum og alþjóðlegu námi við Menntavísindasviði HÍ, tóku á móti hópnum. Margarita sagði frá lokaritgerð sinni en hún skoðaði samstarf leikskólans við foreldra barna í Fellaborg. Leikskólinn hefur lagt mikla áherslu á aukið foreldrasamstarf í anda Pen Green. Áhersla er

lögð á að nálgast einstaklinginn á hans forsendum og að kynnast foreldrum sem best með því bjóða þeim og fjölskyldum þeirra inn í leikskólann til að taka þátt í ýmsum þáttum starfsins. Mikið er lagt upp úr jákvæðu og opnu viðhorfi starfsfólks til foreldra.

13. fundur

Næstsíðasti fundur vetrarins. Farið yfir stöðuna, hvað stóð upp úr vinnu starfshópsins um veturinn og hversu gagnlegar heimsóknir gesta voru. Rætt var um næstu skref, hvaða gesti hópurinn vildi fá til fundar næsta haust og hvað þyrfti að skoða nánar. Lögð voru drög að vinnu næstu tveggja ára. Fundarmenn voru sammála um að veturinn hefði verið gagnlegur. Mikil ánægja var með þá gesti sem komið höfðu á fundi hópsins, en þeir gáfu góð ráð og hugmyndir. Rætt var um hvaða aðila ætti að fá til samstarf í verkefninu *Blíð byrjun* sem gætu tekið þátt í að ýta því úr vör, t.d. Dalsskóla eða leikskóla í Fellahverfi, í samstarfi við heilsugæsluna og þjónustumiðstöð hverfisins. Mikill áhugi innan starfshópsins á að hafa Pen Green hugmyndafræðina að leiðarljósi en nauðsynlegt að aðlaga hana íslensku samfélagi. Stefnt að því að vinna stutta áfangaskýrslu til þess að auðvelda yfirsýn.

14. fundur

Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir, fulltrúi leikskólastjóra í starfshópnum, sagði frá nýjum samtökum, *Undir regnboganum*, en það er samstarfsverkefni þriggja leikskóla í Fellahverfi; Fellaborgar, Völvuborgar (sem síðar sameinuðust í leikskólann Holt) og Aspar. Ákveðið var að fá stjórnendur leikskólanna á fund. Rætt um að koma með drög að skýrslu í lok vetrar. Ákveðið að nýta síðasta starfsár starfshópsins í að fá samstarfsaðila, stofnanir og einstaklinga, til þess að ýta verkefninu úr vör.

15. fundur

Fyrsti fundur eftir sumarleyfi. Sigríður Marteinsdóttir, formaður starfshópsins, sagði frá fundi með Hildi Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóra leikskólaskrifstofu, um verkefnið *Blíð byrjun*. Ljóst er að ekki fæst fjármagn til þess að ýta verkefninu úr vör eins og lagt var til í erindisbréfi. Verkefnið styttist því um eitt ár og verður ekki sett af stað en starfshópnum ber að skila skýrslu með tillögum. Lögð fram mappa um Sure Start. Farið yfir listann með hugsanlegum gestum og heimsóknum. Lögð drög að skipulagningu rýnihópa ungra foreldra í samstarfi við TOR.

16. fundur

Leikskólastjórnendur í Fellahverfi, þær Fanný Heimisdóttir í leikskólanum Ösp, Halldóra Björg Gunnlaugsdóttir og Gyða Guðmundsdóttir í leikskólanum Holti (áður Völvu- og

Fellaborg) mættu á fundinn. Halldóra sagði frá tilurð verkefnisins *Undir regnboganum*. Stór hópur barna í Fellahverfi býr við erfið félagsleg skilyrði og tæp 70% barna eru af erlendum uppruna. Fjölbreytileikinn er mikill en félagslegir erfiðleikar setja mark sitt á ákveðinn hóp. Stjórnendur ákváðu að stofna samtök utan um leikskólana þrjá og gera sérstöðu þeirra sýnilegri. Markmið Regnboga-leikskólanna er að hlusta á og mæta foreldrum á þeim stað þar sem þeir eru staddir. Ein hugmyndin er að ráða íslenskukennara til að starfa til skiptis í skólunum þremur við markvissa íslenskukennslu. Ákveðið að ein af tillögum starfshópsins verði unnin með Fellahverfið í huga.

17. fundur

Umræður um tillögur og væntanlega skýrslu. Lagt til að hver fulltrúi í starfshópnum komi með sínar hugmyndir að tillögum og kynni á næsta fundi. Kristín Sæmundsdóttir, leikskólaráðgjafi, kynnti handbók frá Leikskólasviði, *Fjölskylda og leikskóli, handbók um samstarf*. Þar er m.a. lögð áhersla á aukið samstarf við foreldra og aukna fjölbreytni í foreldrasamstarfi. Sigríður Brynjarsdóttir leikskólakennari kynnti leiðir í foreldrasamstarfi í leikskólanum Hofi á yngstu deild þar sem hún starfar.

18. fundur

Gestir fundarins voru Þorbjörg Karlsdóttir, verkefnastjóri barna- og unglingastarfs Borgarbókasafns í Grófinni, Ragnheiður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður fjölskyldumiðstöðvar Reykjavíkurdeildar Rauða krossins, Rósa Björk Sigurðardóttir frá Hinu húsinu og Elísabet Jóhannsdóttir, kennari og starfsmaður Biskupsstofu.

Þorbjörg kynnti starf Borgarbókasafnsins sem snýr að börnum á leikskólaaldri. Starfsemin er mjög fjölbreytt og metnaðarfull og lögð er áhersla á að koma til móts við yngsta aldurshópinn á sem fjölbreyttastan hátt, óháð tungumálum.

Ragnheiður sagði frá starfsemi Fjölskyldumiðstöðvar Rauða krossins, þar sem megin áhersla er lögð á starf með unglingum, m.a. með einstaklingsmiðaðri ráðgjöf. Samvinna og sérfræðiaðstoð er mikil frá hinum ýmsu stofnunum, s.s. þjónustumiðstöðvum.

Rósa Björk frá Hinu húsinu sagði frá verkefnum tengdum ungum foreldrum. Reynt er að mæta þörfum þeirra, t.d. með því að bjóða upp á fræðslu um uppeldi og umönnun ungra barna.

Elísabet sagði frá barna- og fjölskyldustarfi kirkjunnar. Snertiflöturinn við foreldra er við skírna. Ef á þarf að halda geta prestar vísað foreldrum áfram á frekari þjónustu kirkjunnar. Á

foreldramorgnum í kirkjunum fer fram margvísleg fræðsla um börn og uppeldi. Talsvert er um að foreldra af erlendum uppruna komi á foreldramorgnana og feður koma meira nú en áður.

19. fundur

Stefanía B. Arnardóttir, hjúkrunarfræðingur sem starfar í geðteymi heimahjúkrunar á Þróunarstofu Heilsugæslunnar (throunarstofa@heilsugaeslan.is) kom á fundinn. Eitt af verkefnum geðteymisins er þróunar- og rannsóknarverkefni um fjölskyldumiðaða stuðningsmeðferð við andlegri vanlíðan á meðgöngu og eftir fæðingu. Stefanía er í samstarfi við hóp kvenna sem vinnur að því að styðja og styrkja konur sem glíma við vanlíðan á meðgöngu. Stefanía sýndi mikinn áhuga á áframhaldandi samstarfi í tengslum við verkefnið *Blíð byrjun* og sá marga snertifleti við starf Þróunarstofunnar.

20. fundur

Heimsókn í Krikaskóla. Skólinn skoðaður og fundað með Þrúði Hjelm skólastjóra sem kynnti hugmyndafræði starfseminnar. Umræður um tengsl skólans við foreldra og nærsamfélagið, s.s. hvernig samstarfi heilsugæslunnar og skólans er háttað.

21. fundur

Ákveðið að skoða betur hvernig hugmyndafræði Pen Green gæti samrýmst tillögum að *Blíðri byrjun*. Arna Hrönn Aradóttir, fulltrúi velferðarsviðs í starfshópnum sagði frá bæklingi sem gerður var á þjónustumiðstöð Árbæjar handa dagforeldrum.

22. fundur

Næstu skref ákveðin. Rýnihópar foreldra skipulagðir, tillögur að þátttakendum og drög að spurningum lögð fram. Umræður um innihald lokaskýrslu. Rætt um mikilvægi þess að starfshópurinn setji fram raunhæfar hugmyndir. Einhugur í starfshópnum um að leggja áherslu á hugmyndafræði Pen Green með það að leiðarljósi að eiga víðtækt samstarf við stofnanir er koma að barna- og fjölskyldumálum.

23. fundur

Fulltrúar í starfshópnum sögðu frá vettvangsferð á tvö nýleg kaffihús í miðbænum sem eru sérstaklega hönnuð með foreldra og ung börn í huga; Iðunnareplið í Templarasundi og Fjallkonubakarí á Laugavegi 23. Heimasíður kaffihúsanna kynntar fyrir hópnum. Einnig var sagt frá innliti í heilsugæsluna á Vesturgötu þar sem skoðað var framboð af bæklingum um fjölskyldumál, sem reyndist heldur rýrt. Heimasíður þjónustumiðstöðva skoðaðar og rýnt í

upplýsingar um dagforeldra. Greinilegt er að upplýsingar eru mjög mismunandi eftir þjónustumiðstöðvum og aðgengi ekki einfalt.

24. fundur - lokafundur.

Fundurinn haldinn í júní 2011 þar sem farið var yfir drög að tillögum starfshópsins og innihaldi skýrslunnar. Gert er ráð fyrir að skýrslan verði tilbúin til útgáfu og kynningar haustið 2011.





Hugmyndafræði Blíðrar byrjunar

Margt í íslensku samfélagi stenst samanburð við aðrar þjóðir, s.s. heilbrigðiskerfi, skólakerfi, gott félagslegt umhverfi og samtrygging. Hvað varðar málefni foreldra með ung börn stöndum við ekki eins vel að vígi. Við státum okkur af 9 mánaða fæðingarorlofi, en þar af eru 3 mánuðir bundnir föður sem þýðir að börn einstæðra foreldra fara í dagvistun 6 mánaða gömul. Flest börn fara í dagvistun að loknu fæðingarorlofi foreldra, annaðhvort til dagforeldra eða í leikskóla. Staðan er sú, að ekki er á vísan að róa með vistunarúrræði fyrir börn að loknu fæðingarorlofi. Tíminn sem fer í að finna dagforeldri og sú óvissa sem skapast, kemur niður á þeim gæðatíma sem fæðingarorlofið á að vera. Í rannsókn sem gerð var 2009-2010 fyrir Leikskólasvið af Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) við Háskóla Íslands, um umönnun ungra barna í Reykjavík segir eitt foreldri:

Fyrir mér er þetta einfalt. Frá því að fæðingarorlof endar og þar til leikskólapláss býðst líður einfaldlega allt of langur tími þar sem atvinnuöryggi og frama beggja foreldra er stefnt í hættu auk þess sem það bitnar gjarnan með beinum hætti á rútínu og þar með öryggistilfinningu barnsins. Þetta bil þarf að brúa.

Það er ekki ásættanlegt að fyrstu mánuðir foreldra með nýju barni séu litaðir af streitu og kvíða fyrir framtíðinni. Slæm reynsla og vantrú á kerfið í upphafi geta haft áhrif á foreldra og börn þeirra og samskipti við leik- og grunnskóla barnanna síðar meir. Mikilvægt er að brúa bil óvissu frá fæðingu og þar til leikskóladvöl hefst. Stefnt verði að því að efla enn frekar þjónustu við ung börn og foreldra þannig að hægt verði að horfa til baka og segja; *þetta var Blíð byrjun.*

Fyrirmyndir að Blíðri byrjun

Pen Green fjölskyldumiðstöðin var sett á stofn í Corby í Englandi árið 1983 af hugsjónafólki sem hafði þekkingu og áhuga á námi og kennslu ungra barna en einnig á fullorðinsfræðslu (<http://pengreen.org/>). Í miðstöðinni var boðið upp á leikskólavist fyrir börn að fimm ára aldri og fræðslu af ýmsu tagi fyrir fullorðna.

Í Corby hafði verið viðvarandi atvinnuleysi, skólaganga íbúa var stutt, lítill félagslegur stuðningur var við fjölskyldur almennt af hálfu bæjarfélagsins og samstarf stofnana þekktist ekki. Tilgangur *Pen Green* miðstöðvarinnar var að mæta margvíslegum þörfum barna og foreldra. Starfsfólk miðstöðvarinnar var með fjölbreytta reynslu og þekkingu sem nýttist vel. Fjármagn til miðstöðvarinnar kom frá sveitastjórn Northamptonshire fylkis en einnig fékkst fjármagn frá mennta-, velferðar- og heilbrigðisyfirvöldum.

Í upphafi voru 50 börn í dagvistun í *Pen Green* og starfsmenn voru sex talsins. Árið 2004 var miðstöðin orðin að leikskóla- og ráðgjafamiðstöð með meira en 110 starfsmenn, t.a.m. kennara, aðstoðarkennara (e. nursery nurses), félagsráðgjafa, ljósmæður, heilbrigðisstarfsmenn og annan stuðning. Þar á meðal voru sjálfboðaliðar sem komu gjarnan úr röðum atvinnulausra. Þeir tóku að sér hin ýmsu verkefni, sóttu námskeið þeim tengd og fóru síðan oftast en ekki í áframhaldandi nám og héldu áfram að starfa við *Pen Green* að námi loknu. Í dag vinna starfsmenn *Pen Green* með rúmlega 1200 fjölskyldum. Í *Pen Green* er m.a. unnið eftir hugmyndafræði sem kennd er við „opnar dyr“ (e. open door approach). Þar er gert ráð fyrir að foreldrar taki þátt í að móta og þróa starfið.

Hugmyndafræði og áherslur í starfsemi *Pen Green* voru mótaðar af foreldrum, stjórnmalamönnum, yfirvöldum, aðgerðarhópi, fagfólki og starfsmönnum miðstöðvarinnar. Áhersla var lögð á að í Corby ætti að veita þjónusta fyrir börn undir fimm ára aldri og fjölskyldur þeirra og átti sú þjónusta að taka mið af þörfum barnanna og fagna tilveru þeirra. Hún átti einnig að þjóna og styðja við fjölskyldur barnanna. Þrátt fyrir mikinn félagslegan stuðning lítur starfsfólkið fyrst og fremst á *Pen Green* sem menntastofnun (e. learning community).

Meðal þess sem kemur fram í stefnu *Pen Green* er að menntun hefst við fæðingu barns. Starfsfólk ber virðingu fyrir barninu og fjölskyldu þess, viðurkennir menningarlegan bakgrunn fjölskyldunnar og mismunandi einstaklinga og er meðvitað um að fræðsla til foreldra um uppeldi þarf að vera aðgengileg.

Sure Start er heiti á átaksverkefni sem yfirvöld í Bretlandi kynntu árið 1999 í tíð Tony Blair, þáverandi forsætisráðherra. Verkefninu var ætlað að veita yfirgripsmikinn stuðning við fjölskyldur og börn undir 4 ára aldri. Horft var til fjölskyldna sem áttu undir högg að sækja, fjárhagslega og félagslega. Settur var á stofn starfshópur á vegum mennta- og heilbrigðisráðuneytis Bretlands og gert ráð fyrir að tillögur að verkefninu kæmu frá nærsamfélaginu. Settar voru á stofn barnamiðstöðvar (e. children's centre) í hverfum borga og bæja. Það sem gerir þessar miðstöðvar sérstakar er samvinna ólíkra faghópa en einnig þátttaka og hlutverk foreldra í uppbyggingu og rekstri miðstöðvanna. Áhersla var lögð á að með markvissri þátttöku foreldra hafi þeir raunveruleg áhrif á menntun og þroska barna sinna sem var ein forsenda þess að verkefnið tækist vel.

Sure Start - verkefnið var sett á fót um allt Bretland. Í Corby leiddi Pen Green hópurinn starfið og vann með þeim sem komu nýir að verkefninu. Foreldrar sem höfðu tekið þátt í stofnun Pen Green voru öflug í vinnu með nýjum foreldrum, stuðningsfólki og sjálfboðaliðum. Foreldrarnir skiluðu skýrslu í lok verkefnisins sem var kynnt yfirvöldum og hefur einnig verið kynnt víða á ráðstefnum.





Tillögur starfshópsins

Starfshópurinn leggur fram ný tillögur um hvernig bæta megi þjónustu Reykjavíkurborgar við ung börn og foreldra þeirra. Þær byggja á vinnu starfshópsins og hugmyndafræði *Blíðrar byrjunar* sem á sér fyrirmyndir m.a. í Pen Green og *Sure Start* -verkefnunum í Bretlandi. Fjöldi gesta og sérfræðinga mættu á fundi starfshópsins, rætt var við rýnihópa foreldra og upplýsinga aflað með lestri fræðiritra og greina í fagtímaritum, úr fjölmiðlum og af heimasíðum ýmissa stofnana. Allar tillögurnar kalla á fjármagn, þó í mismiklu mæli sé, en ættu að skila sér margfalt til baka í betri og öruggari þjónustu við börn og foreldra.

1. Uppbygging yngri barna deilda í leikskólum

Foreldrar vilja hafa val um hvort þeir hafa barn sitt hjá dagforeldri eða í leikskóla að loknu fæðingarorlofi. Starfshópurinn leggur til að Reykjavíkurborg fari í samstarf við Menntavísindasvið HÍ og RannUng um uppbyggingu og frekari þróun yngri barna deilda í leikskólum Reykjavíkurborgar, þar sem þarfir og þroski yngstu barnanna eru í fyrirrúmi. Bent er á að lektor í leikskólafræðum við HÍ, Hrönn Pálmadóttir, er um þessar mundir í doktorsnámi og rannsóknir hennar beinast að ungum börnum í leikskóla. Tækifæri til að setja upp yngri barna deildir er fyrir hendi í mörgum leikskólum borgarinnar. Það má nefna að stjórnendur leikskólans Björtuhlíðar (Hamraborg og Sólbakki) hafa lýst yfir áhuga á að starfsstöðin við Stakkahlíð verði gerð að leikskóla fyrir yngstu börnin. Með samvinnu við Menntavísindasvið og áhugasama stjórnendur gætu yngri barna deildir leikskóla orðið raunverulegt val fyrir foreldra.

2. Daggæsla í heimahúsum

Dagforeldrar eru vistunarúrræði fyrir yngstu börnin. Dagforeldrakerfið, eins og það er í dag, hefur verið nánast óbreytt frá 1992 þegar reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum var gefin út. Ný reglugerð var gefin út 2005 án mikilla breytinga frá fyrri reglugerð. Niðurstöður úr rýnihópum foreldra og athuganir starfshópsins hafa leitt í ljós að þörf er á að endurskoða fyrirkomulag daggæslu barna í heimahúsum. Starfshópurinn álítur að sveitarfélög verði að

koma með markvissari hætti að daggæslu í heimahúsum og fái rétt til að kalla eftir auknum upplýsingum frá dagforeldrum, m.a. um biðlista, til að geta betur metið þörfina hverju sinni og þjónað foreldrum betur.

- d) Lagt er til að farið verði í endurskoðun á reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum sem fyrsta skrefið að breyttu fyrirkomulagi.
- e) Lagt er til að Reykjavíkurborg fari af stað með tilraunaverkefni í daggæslu barna í heimahúsum. Horft verði til kerfis sem hefur gefist vel í Kaupmannahöfn undir kjörorðinu *Giv dit barn en stressfri start*, en boðið er upp á fjögur mismunandi form daggæslu barna í borginni, m.a. daggæslu á vegum sveitarfélagsins (d. kommunal dagpleje). Hvert dagforeldri er með 3-4 börn í vistun í eigin húsnaði, en starfar hjá borginni og er í samstarfi við aðra dagforeldra í hverfinu. Borgin sér um rekstur húsnaðis, þar sem 5-8 manna hópur dagforeldra í hverfinu hittist einn dag í viku með börnin. Í Amager-hverfi eru um 300 börn í vistun hjá 120 dagforeldrum. Daggæsluráðgjafar eru níu, þar eru reknar 3 leikstofur og eitt gestahús auk þess sem sveitarfélagið rekur 12 „daggæsluhús“ þar sem þrír dagforeldrar eru saman með 8-10 börn. Fræðast má um fyrirkomulag daggæslu í Kaupmannhöfn á heimasíðunni www.kk.dk.
- f) Gerð verði tilraun með samstarf dagforeldra og leikskóla. Verkefnið gangi út á það að koma á markvissri tengingu og samstarfi. Dagforeldrar gætu sótt ráðgjöf til leikskólans og fengið að sitja fræðslunámskeið og átt samstarf á þann hátt sem hentar hverju sinni.



3. Fjölskyldumiðstöð í anda Blíðrar byrjunar og Pen Green

Starfshópurinn leggur til að Reykjavíkurborg setji á stofn fjölskyldumiðstöð að fyrirmynd Pen Green og Sure Start á Bretlandi. Lagt er til að fyrsta miðstöðin verði opnuð í Breiðholti sem tilraunaverkefni til þriggja ára í tengslum við átaksverkefnið *111 Reykjavík* og starfi eftir hugmyndafræði *Blíðrar byrjunar*. Í Breiðholti er nú þegar hafinn undirbúningur að frekari samvinnu leikskóla, grunnskóla og frístundar með það að leiðarljósi að efla jöfnuð, árangur og vellíðan barna.

Með tilraunaverkefninu verði yngstu börnin og fjölskyldur þeirra sett í fyrirrúm, allt frá fæðingu barns. Markmiðið með stofnun fjölskyldumiðstöðvar yrði að auðvelda aðgengi fjölskyldna að þjónustu borgarinnar og efla samstarf stofnana innan hverfisins.

Skipaður verði undirbúningshópur til að greina hvaða þjónustu ung börn og fjölskyldur þeirra í Breiðholtshverfi þurfa á að halda. Í hópnum sætu fulltrúar leikskóla, þjónustumiðstöðvar, heilsugæslu, grunnskóla, frístundar, íþróttarfélags, bókasafns, foreldramorgna kirkjunnar, dagforeldra og foreldra í hverfinu.

Í framhaldi af þarfagreiningunni yrði skipað framkvæmdaráð og ráðinn verkefnastjóri til þriggja ára sem bæri ábyrgð á verkefninu, héldi utan um það og væri tengiliður við viðkomandi stofnanir í hverfinu. Leikskólinn yrði kjarni starfseminnar í fjölskyldumiðstöðinni, þó miðstöðin væri ekki endilega í sama húsnæði, því flestir foreldrar hafa aðkomu í leikskólann. Leikskólinn hefur lengi lagt áherslu á gott foreldrasamstarf. Þar ríkir traust og gagnkvæmt samstarf er um börnin. Leikskólakennarar þekkja börnin, hitta foreldra daglega og eru þar af leiðandi í lykilaðstöðu til þess að veita ráðgjöf, leiðbeina og vísa málum áfram. Mjög mikilvægt er að verkefnastjóri verði í góðu samstarfi við viðkomandi leikskóla og hafi aðsetur í leikskólanum eða nálægt honum.

Skoða þarf hvar og hvernig tengingin yrði við miðlæga stjórnsýslu, borgarstjórn og skóla- og frístundasvið. Vanda þarf til verksins strax í upphafi, en verkefnið gæti haft mikið forvarnargildi ef vel er að því staðið. Verkefnið er viðamikilið og þarfnast mannafla eigi það að skila tilætluðum árangri. Auk verkefnastjóra þyrfti að ráða starfsmenn til daglegra starfa í miðstöðinni. Það er einnig mat starfshópsins að þeir einstaklingar sem sækja þjónustu í miðstöðina muni styrkja og efla starfsemina og hugsanlega í framhaldinu taka þátt í henni sem sjálfböðaliðar. Lítil hefð er fyrir sjálfböðaliðastarfi í stofnunum á vegum borgarinnar, en það er ríkur þáttur í hugmyndafræði Pen Green og gæti verið áhugaverð tilraun í þessu verkefni.

Starfshópurinn leggur til að verkefnið verði metið í lokin af hæfum matsfræðingum með áframhaldandi starf í huga og að þekking og viðhorf þeirra sem komið hafa að málum verði nýtt til umbóta.

Starfshópurinn um *Blíða byrjun* leggur til eftirfarandi útfærslur á hugmyndinni:

a) Fjölskyldumiðstöð í leikskóla í hverfinu.

Starfshópurinn telur að heppilegt væri að koma á fót fjölskyldumiðstöð í Breiðholti í samvinnu við leikskólann Holt í Fellahverfi. Leikskólinn er í tveimur húsum og á milli bygginganna er húsnaði sem væri kjörið að nýta fyrir fjölskyldumiðstöð. Lagt er til að húsnaðið verði aðlagð að hugmyndafræði *Blíðrar byrjunar* og aðstaða og innréttingar verði í samræmi við hana.

Mikilvægt er að vel sé tekið á móti þeim sem sækja þjónustu í miðstöðina. Aðgengi þarf að vera gott og fólk þarf að finna að það er velkomið. Í miðstöðinni yrði boðið upp á ráðgjöf og leiðsögn um þá þjónustu sem býðst í hverfinu fyrir börn og fjölskyldur. Þar yrði leikstofa, viðtalsherbergi, kaffiaðstaða/eldunaraðstaða, skiptiaðstaða og hvíldarherbergi. Einnig yrði aðstaða til að bjóða upp á stutt námskeið, tölvuaðgangur og leikaðstaða úti. Nálægðin við leikskólann er kostur þar sem hún býður upp á mörg tækifæri til samstarfs.

Starfshópurinn leggur til að þjónustustofnanir í hverfinu sendi fulltrúa sína á fjölskyldumiðstöðina einn dag í viku eða hluta úr degi. Frá þjónustumiðstöð kæmu félagsráðgjafar og sálfræðingar, frá grunnskólanum námsráðgjafar, deildarstjórar og kennarar á yngsta stigi, frá heilsugæslunni starfsfólk mæðraverndar og ung- og smábarnaverndar og frá Borgarbókasafni sérfræðingar barnastarfs. Dagforeldrar í hverfinu hefðu einnig aðgang að miðstöðinni.

Lykilatriði er að eiga góða samvinnu við foreldra sem eiga að nýta þjónustuna. Einlægur áhugi og rík samvinna þarf að vera til staðar til að verkefnið takist vel og betra er að byrja smátt, en örugglega, frekar en fara of geyst af stað.

b) Fjölskyldumiðstöð í Gerðubergi – griðastaður góðra hugmynda

Gerðuberg í Breiðholti er glæsileg menningamiðstöð og sú eina sem rekin er af Reykjavíkurborg. Þar er nú fjölbreytt starfsemi, m.a. er bókasafn hverfisins þar til húsa og aðstaða fyrir starf eldri borgara. Starfshópurinn álítur að vel megi víkka starfsemina út enn frekar með því að innleiða hugmyndafræði *Blíðrar byrjunar* í starfið og koma á fót fjölskyldumiðstöð í Gerðubergi. Kosturinn við Gerðuberg er m.a. nálægð við þjónustu-stofnanir í

hverfinu, heilsugæslan er í næsta húsi og stutt er í leikskóla, grunnskóla, tónlistar-skóla og frístundamiðstöðina Miðberg. Í Gerðubergi yrði boðið upp á skipulagt starf fyrir foreldra og börn og aðstaðan nýtt til hins ýtrasta, m.a. fyrir fjölbreytt námskeið fyrir fólk í hverfinu.

Með þessari tilraun í Gerðubergi væri verið að skapa nýja sýn og auðga enn frekar það starf sem þar fer fram.

c) Fjölskyldumiðstöðvar í öðrum hverfum borgarinnar

Hægt væri að opna fjölskyldumiðstöðvar í öðrum hverfum borgarinnar, þó þar séu ekki fyrir menningarmiðstöðvar eins og í Breiðholti. Í öllum hverfum borgarinnar eru skólar, heilsugæsla, þjónustumiðstöð og íþróttahús sem líka gætu hýst starfsemi fjölskyldumiðstöðvar. Ef farið verður af stað með tilraunverkefnið í Breiðholti, annaðhvort leið a) eða b), og vel tækist til með það, sér starfshópurinn fátt því til fyrirstöðu að opnaðar verði fjölskyldumiðstöðvar í öllum hverfum borgarinnar. Hver miðstöð væri með sínu sniði og tæki mið af þörfum íbúa hverfisins og þeim mannauði sem þar starfaði.

Í Árbæ væri t.d. hægt að tengja betur saman starfsemi heilsugæslunnar og þjónustumiðstöðvarinnar sem í dag eru í sama húsi. Hægt væri að koma á gagnkvæmu samstarfi milli þessara stofnanna, þar sem starfsfólk heilsugæslunnar sinnti mæðra-, ung- og smábarnavernd sem styddi við velferð og fjölbreytta þjónustu þjónustumiðstöðvarinnar. Nú þegar er vísir að slíku samstarfi sem þarf að efla enn frekar. Æskilegt væri að meiri samfella yrði í þjónustunni, þegar verðandi foreldrar kæmu í mæðravernd fengju þeir upplýsingar frá heilsugæslunni um þá þjónustu sem þjónustumiðstöðin biði upp á, s.s. fræðslu, námskeið, sálfræðiaðstoð, fjárhagsaðstoð, upplýsingar um dagforeldra, leikskóla og grunnskóla. Með slíkri tengingu og góðri kynningu mætti breyta þeirri ímynd sem þjónustumiðstöðin virðist hafa um að þangað sækji aðeins þeir sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda. Þjónustumiðstöðvarnar væru þannig lifandi vettvangur fyrir fjölskyldur í hverfinu með alhliða þjónustu fyrir börn og foreldra.

d) Draumamiðstöðin – sérbyggt húsnæði í anda Blíðrar byrjunar

Framtíðarsýn starfshópsins er að byggð verði sérhönnuð fjölskyldumiðstöð í grennd við grænt svæði og nálægt leikskóla, eða með rými fyrir leikskólastarfsemi innanhúss. Hönnun miðstöðvarinnar og starfsemin tæki mið af hugmyndafræði *Blíðrar byrjunar*. Í miðstöðinni þyrfti að vera rými fyrir leikskólastarfsemi, aðstaða fyrir aðila sem veita börnum og foreldrum þjónustu, s.s. mæðra- og ungbarnavernd, sérfræðinga frá þjónustumiðstöðvum og fleiri, aðstaða fyrir fræðslufundi og námskeið og aðstaða fyrir foreldra til að hittast og koma saman. Inni- og útileiksvæði væri útbúið á þann hátt að það henti bæði börnum og fullorðnum.

Starfshópurinn leggur einnig til að í fjölskyldumiðstöðinni yrði rekinn „opinn leikskóli“. Opni leikskólinn er starfræktur víða á Norðurlöndum. Í opna leikskólanum er aðstaða fyrir foreldra og dagforeldra til þess að koma með börnin og spjalla á meðan börnin leika sér, heilan dag eða hluta úr degi. Sveitarfélagið útvegar húsnæði og sér um rekstur þess og ræður leikskólakennara sem ber ábyrgð á daglegum rekstri. Fullorðinn aðili, foreldri eða dagforeldri er alltaf með börnunum þann tíma sem dvalið er í opna leikskólanum. Húsnæðið er gjarnan með aðstöðu fyrir fundi eða námskeið fyrir foreldra og dagforeldra.

4. Fjölbreytt notkun á almenningsgörðum í hverfum borgarinnar

Í öllum hverfum borgarinnar eru opin græn svæði eða róluvellir. Hægt væri að girða hluta svæðisins af og útbúa leikaðstöðu fyrir yngstu börnin. Svæðið þyrfti að vera búið leiktækjum við hæfi ungra barna og þar þyrfti helst að vera eitthvert skjól fyrir veðri og vindum. Æskilegt væri að hafa inniaðstöðu með snyrtingum og eldhúskróki. Hverfasamtökin kysu ábyrgðarmann svæðisins, t.d. úr hópi foreldra sem vildu nýta aðstöðuna í afmarkaðan tíma. Umsjón með svæðinu og ábyrgð á viðhaldi væri í höndum Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar.

5. Alhliða vefsíða um börn og fjölskyldur



Starfshópurinn leggur til að opnuð verði virk og aðgengileg vefsíða á vegum Reykjavíkurborgar eða með áberandi tengli á www.reykjavik.is. Á síðunni verði upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði og um það sem er á döfinni í borginni og snertir börn og fjölskyldur. Upplýsinga- og vefdeild Reykjavíkurborgar hafi umsjón með síðunni og þar verði tenglar á aðrar síður um málefni barna og fjölskyldna. Þó talsvert sé um upplýsingar um þjónustu fyrir börn og foreldra á heimsíðu Reykjavíkurborgar nú þegar kom fram í rýnihópum að foreldrar töldu þörf á meiri og aðgengilegri upplýsingum á einum stað.

6. Sjónvarpsþáttur um allt sem snýr að börnum og fjölskyldum þeirra

Starfshópurinn leggur til að Reykjavíkurborg veiti styrki til að gera stutta sjónvarpsþætti um börn á aldrinum 0-18 ára, þarfir þeirra og þroska, um fjölskyldur, samskipti og fleira sem varðar börn og foreldra. Í þáttunum gætu verið viðtöl við foreldra, ráðgjafa og sérfræðinga um hvað er að gerast í þroska barnsins hverju sinni og myndbrot af börnum í alls konar aðstæðum, s.s. við leik og nám. Hægt væri að sýna þættina vikulega, t.d. í kringum auglýsingatíma, á milli sjónvarpsþátta eða dagskrárkynninga. Þættir af þessu tagi gætu verið bæði fróðlegir og skemmtilegir.

7. Bæklingar, límmiðar, seglar og póstkort

Starfshópurinn leggur til að gerðir verði bæklingar með upplýsingum um ýmislegt varðandi uppeldi og umönnun barna, s.s. þroska þeirra, samskipti, tilfinningatengsl, félagsmótun, máltöku, aðskilnað, álag og fleira. Bæklingarnir gætu legið frammi á opinberum stofnunum.

Einnig leggur hópurinn til að framleiddir verði límmiðar með slagorðum, orðatiltækjum og málsháttum tengdum börnum og uppeldi, sem hægt væri að setja t.d. á bílrúður. Eins mætti framleiða segla á ísskápa með vefslóðum og póstkort með myndum af börnum í leik og starfi og í samskiptum við börn og foreldra. Á kortunum gæti verið texti, t.d. uppeldisráð eða heilræði.

Hægt væri að leita eftir samvinnu við nemendur sem leggja stund á margs konar hönnun við gerð bæklinganna.

8. Sjálfbóðaliðastarf í samstarf við Rauða krossinn

Starfshópurinn leggur til að Reykjavíkurborg nýti sér krafta sjálfbóðaliða við að hrinda verkefninu *Blíð byrjun* af stað. Borgin gæti leitað til Rauða krossins um skipulagningu sjálfbóðaliðastarfsins, en þar er mikil þekking til staðar. Innleiðing verkefnis af þessu tagi

gæti verið áhugaverða nýjung fyrir einstaklinga sem hingað til hafa ekki tekið þátt í sjálfbærliðastarfi.

9. Endurmat á verkefnum

Í tillögu þrjú, *Fjölskyldumiðstöð í anda Blíðrar byrjunar og Pen Green*, er lagt til að verkefnið verði metið í lokin af hæfum matsfræðingum með áframhaldandi starf í huga og að þekking og viðhorf þeirra sem komið hafa að málum verið nýtt til umbóta.

Starfshópurinn gerir að tillögu sinni að sömu áherslur verði hafðar við mat á öðrum tillögum. Áður en verkefnin fara af stað verði kallaðir til fulltrúar sem munu starfa við þau, ásamt skipuðum ábyrgðamanni. Hann verði ábyrgur fyrir því að mat fari fram á tilsettum tíma og innan þess ramma sem hæfir verkefninu. Mikilvægt er að matsaðilar hafi góða þekkingu á mati og kunni vel til verka.

Tenglar á heimasíður sem tengjast vinnu starfshópsins

Umboðsmaður barna: <http://www.barn.is>

Biskupsstofa: <http://biskupsstofa.is>

Borgarbókasafnið: <http://borgarbokasafn.is>

Fjallkonubakariíð, fjölskylduvænt kaffihús: <http://www.fjallkonubakari.is>

Bókaútgáfan Forlagið: <http://www.forlagid.is>

Menningarmiðstöðin Gerðuberg: <http://gerduberg.is>

Hallgrímskirkja: <http://www.hallgrimskirkja.is>

Hitt Húsið: <http://hitthusid.is>

6H heilsunnar: <http://6h.is/index.php>

Heilsugæslan Miðbæ: <http://heilsugaeslan.is>

Þroska- og hegðunarstöð heilsugæslunnar: <http://heilsugaeslan.is/Throskaoghegdunarstod>

Háskóli Íslands/Menntavísindasvið: <http://hi.is>

Krikaskóli: <http://www.Krikaskoli.is>

Leikskólinn Holt og leikskólinn Ösp: <http://leikskolasvid.is>

Pen Green Centre for Children and Families: <http://pengreen.org/>

Rauði kross Íslands: <http://raudikrossinn.is>

Þjónustumiðstöðvar í Reykjavík/dagforeldrar: <http://rvk.is>

Velferðarráðuneytið: <http://velferdarraduneyti.is>

RannUng: <http://stofnanir.hi.is/rannung/>

Sure Start Children's Centres:
http://www.direct.gov.uk/en/Parents/Preschooldevelopmentandlearning/NurseriesPlaygroups/ReceptionClasses/DG_173054

Københavns Kommune: Giv dit barn en stressfri start: www.dagplejen.kk.dk

Heimildir

„Á ég að hjálpa þér?“ Þróunarverkefni í leikskólanum Fálkaborg árið 2008.

Elinor Goldschmied & Sonia Jacson. (1994). People under three. Young children in day care. *Fjölskylda og leikskóli. Handbók um samstarf.* (2011). Leikskólasvið, Reykjavíkurborg.

Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir. (2008). „Þáttur ráðgjafar í samstarfi leikskólakennara og foreldra.“ *Tímarit um menntarannsóknir*, 5:77-91.

Námsferð daggæslufulltrúa/leikskólafulltrúa til Malmö og Kaupmannahafnar (2006). Skýrsla. Sæunn Kjartansdóttir. (2009). *Árin sem enginn man: Áhrif bernskunnar á börn og fullorðna. Mál og menning.* Reykjavík.

Nanna Kristín Christiansen. (2005). *Faglegt hlutverk kennara í foreldrasamstarfi.* Óbirt meistaraþrófsritgerð. Kennaraháskóli Íslands.

Nanna Kristín Christiansen. (2010). *Skóli og skólaforeldrar, ný sýn á samstarfið um nemendur.* Nanna Kristín Christiansen. Reykjavík.

Umönnun ungra barna í Reykjavík. Hluti II: Rannsókn RBF fyrir Leikskólasvið Reykjavíkurborgar. 2009-2010.

Walley, Margy and the Pen Green Centre Team. (2007). *Involving Parents in their Children's Learning.* 2nd ed. Paul Chapman Publishing. London.

Heiti vinnuhóps: Blíð byrjun
Ábyrgðarmaður: Ragnhildur E. Bjarnadóttir sviðsstjóri
Hlutverk: • Undirbúa verkefnið Blíð byrjun og ýta því úr vör • Blíð byrjun er verkefni sem tekur á mótun farsællar og aðgengilegrar byrjunar/tengingar fjölskyldu og barns við þjónustu samfélagsins.
Helstu verkefni 1) Kynna sér verkefni af sama toga s.s. Sure start, starfsemi Pen Green og Stress fri start. Setja fram tilgang og markmið Setja fram leiðir að markmiði Gera áætlun um samstarfs stofnana Gera áætlun um mat á verkiefninu 2) Leggja fram tillögur að innleiðingu verkefnisins Blíð byrjun, upphaf og umfangi. 3) Undirbúa framkvæmd verkefnisins 4) Ýta verkefninu úr vör
Fulltrúar í starfshópi: Kristín Sæmundsdóttir verkefnastjóri Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi Fulltrúi Velferðarsviðs Arna Hrönn Aradóttir Fulltrúi Heilsugæslu Sesselja Guðmundsdóttir Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir fulltrúi leikskólstjóra Krístín Sveinsdóttir leikskólakennari Fálkaborg Sigríður Brynjarsdóttir leikskólakennari Hofi
Formaður hóps: Sigríður Marteinsdóttir verkefnastjóri
Starfsmaður hópsins: Sigrún Einarsdóttir verkefnastjóri
Til ráðgjafar: Menntasvið Reykjavíkurborgar Menntavísindasviði Umboðsmaður barna Barnavernd / Barnastofa Sigríður Thorlacius lögfræðingur LSR Félagsmálaráðuneyri / Menntamálaráðuneyti Fulltrúi foreldra í leikskólum Aðrir sem vinnuhópurinn ákveður
Starfstími: Febrúar 2009 til febrúar 2012
Skil: Sviðsstjóra Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar

Fylgiskjal 2

Helstu niðurstöður úr rýnihópum

Upplýsingar um foreldramorgna í kirkjunum

Tveir rýnihópar hittust á mömmumorgnum í kirkju. Mæður á mömmumorgnum í kirkjunum heyrðu af samkomunum í gegnum mæðrahópa og/eða vinkonur. Ein sagðist hafa heyrt af fundunum á heimasíðunni www.draumaborn.is. Fram kom að sumar mæður fari á mömmumorgna í nokkrum kirkjum, ekki bara þeirri sem næst er heimili þeirra. Sumir töldu að prestar sem skíra börn og starfsfólk heilsugæslunnar eigi að láta foreldra vita af foreldramorgnum í kirkjunum.

Upplýsingar um Hitt Húsið

Einn rýnihópur hittist á hittingi Ungs fólks með ungana sína í Hinu Húsinu. Mamma í hópnum sá frétt/auglýsingu í Fréttablaðinu um starfsemi Hins Hússins og ákvað að drífa sig. Starfsmenn Hins Hússins sögðu frá því að starfsmenn þess hefðu t.d. talað við hjúkrunarfræðinga um að beina nýbökuðum foreldrum þangað. Hitt Húsið er á Fésbókinni og þar er fræðslan auglýst.

Vegna Hins Hússins

Starfsmenn sögðu frá fræðslu á vegum Hins Hússins, t.d. námskeiði um ungbarnanudd, leikskólakynningum, ungbarnamat, svefnvenjum barna o.fl. Þeir sögðu að foreldrar væru ánægðir með fræðsluna en mætingin væri misjöfn. Starfsmennirnir töldu að það væri gott fyrir unga foreldra að koma í Hitt Húsið til að fá alvöru fræðslu í stað þess að heyra utan á sér um allskonar hluti, misgóða, tengda umönnun og uppeldi barna. Í því sambandi var talað um „óheilbriggt andrúmsloft“ á sumum netmiðlum. Félagsskapurinn væri líka mikilvægur.

Upplýsingar um heilsugæsluna

Foreldrar virtust lítið velta fyrir sér upplýsingum um heilsugæsluna, þangað fer fólk bara þegar þess þarf. Ein móðirin sagði að hún hefði fengið upplýsingar um heilsugæsluna þegar hún fór í mæðraskoðun.

Almennar upplýsingar um umönnunar ungbarna

Flestir þátttakendur í rýnihópunum fengu upplýsingar um umönnun ungbarna í gegnum netið, mæður sínar og vini/vinkonur. Flestir sögðust reyna að sigta út svipað þenkjandi foreldra til

að fá upplýsingar hjá. Móðir sagði frá heimasíðunum ljósmodir.is og medganga.is sem væru til mikillar fyrirmyndar. Foreldrar sögðust hafa fengið mikilvægar upplýsingar hjá þeim sem tóku sónarmyndir á meðgöngunni.

Upplýsingar um dagforeldra:

Þátttakendur í rýnihópunum nefndu að þeir hefðu fengið upplýsingar um dagforeldra á netinu, t.d. á [Barnaland](http://Barnaland.is), og í gegnum vinkonur. Gott væri að byrja á Barnalandi og spyrja svo vini/vinkonur um dagforeldra sem viðkomandi lýst vel á út frá upplýsingum á Barnalandi og safna þannig „meðmælum“ um þá dagforeldra sem í boði eru. Sumum fannst vanta aðgengilegar upplýsingar um dagforeldra. Í einu tilviki var dagmamman kunningjakona einnar móðurinnar. Einn pabbinn sagði upplýsingarnar koma fyrst og fremst í gegnum tengslanet fólks. Það ætti líka við um upplýsingar um umönnun ungbarna og upplýsingar um leikskóla.

Vegna dagforeldra

Sumum fannst of dýrt að hafa barn í vistun hjá dagforeldri allan daginn og varla í boði að hafa barn bara hálfan daginn hjá dagforeldri. Þeir foreldrar sem vilji lengri vistun gangi fyrir.

Upplýsingar um leikskóla

Fram komi í rýnihópunum að foreldrar fara í heimsóknir í leikskólana. Eftir það „raða þeir leikskólum upp“ og sækja svo um á netinu. Einnig kom fram að foreldrar byrjuðu á því að leita að upplýsingum á netinu um leikskólana. Ein móðir sagði erfitt að fá upplýsingar um leikskólapláss á netinu. Kvartað var yfir *rafrænni Reykjavík*; alltof mörg „klikk“ þyrfti til að rata á rétta staði til að finna upplýsingar um dagforeldra og leikskóla.

Vegna leikskóla

Hjá foreldrum kom fram ósk um opið hús hjá leikskólunum, svo foreldrar gætu betur áttað sig á þeim og borið saman. Bæta mætti leiksvæði á mörgum leikskólum borgarinnar.

Upplýsingar um fræðslu og námskeið tengd börnum og barnauppeldi

Þátttakendur í rýnihópum sögðust helst fá upplýsingar um hvaða námskeið og fræðsla væri í boði um börn og uppeldi á netinu. Ljósmodir benti einni móðurinni á foreldrafræðslu heilsugæslunnar og í barnamöppu heilsugæslunnar eru upplýsingar um fræðslu. Fram kom að upplýsingar um þessa hluti mættu vera aðgengilegri á einum stað, jafnvel mætti útbúa

einhverskonar stundatöflu. Foreldrar í rýnihópunum höfðu litla reynslu af námskeiðum og fræðslu á vegum Hins Hússins.

Reynsla af fræðslu og námskeiðum

Sumir þátttakendur í rýnihópunum nefndu góða reynslu af foreldrafræðslu heilsugæslunnar, brjóstagjafanámskeiðum, uppeldisnámskeiðum á vegum Miðstöðvar mæðraverndar og þjónustumiðstöðva, námskeiðum á vegum heilsumiðstöðvarinnar 9 mánuðir, námskeiðum um ungbarnanudd, ungbarnasund, parsambandið eftir fyrsta barn, hreysti barna og skyndihjálpar- og öryggisnámskeiðum tengdum börnum, t.d. á vegum forvarnarhúss Sjóváar.

Reynsla af barnvænum kaffihúsum

Misjafnt er hversu mikið foreldrar sækja barnavæn kaffihús, það fer nokkuð eftir því hvar foreldrar búa; því nær miðbænum, því meiri notkun. Galli er þó kostnaðurinn að mati sumra. Ein sagðist hafa heyrt af barnavænu kaffihúsi (ekki í Reykjavík) á Fésbókarsíðunni. Starfsmenn Hins Hússins sögðu að þeir hefðu stundum farið með foreldrana á barnavænu kaffihúsin.

Reynsla af Borgarbókasafni

Látið vel af þjónustu safnsins, t.d. bókakynningum og leiksvæði fyrir börn. Foreldri af erlendum uppruna ánægt með að hitta þar reglulega aðra foreldra af erlendum uppruna. Fram kom að starfsmaður Borgarbókasafns hafi komið á mömmumorgun í kirkju og kynnt starfsemi bókasafnsins.

Reynsla af þjónustumiðstöðvum

Ein móðir í rýnihópunum sagðist hafa farið á þjónustumiðstöð til að sækja um þjónustutrygginguna en annars höfðu foreldrar lítið leitað þangað vegna foreldrahlutverksins og vissu lítið hvað er í boði. Fram kom að aðili frá þjónustumiðstöð hafi komið á mömmumorgun í kirkju og sagt frá „súper-mömmum“ sem eru konur sem aðstoða barnafjölskyldur á þeim tímum sólarhringsins þegar mest gengur á á heimilinu. Fæstar mæðurnar í rýnihópnum höfðu heyrt af þessu. Ein móðirin sagðist hafa farið einu sinni á þjónustumiðstöð, þar hafi lítið verið í boði. Henni fannst skrítið að nær allar mæðurnar sem þar voru, voru af erlendum uppruna. Ein móðirin hrósaði þjónustumiðstöð Breiðholts mikið og sagði þjónustuna þar frábæra.

Reynsla af líkamsrækt

Fram kom að nær allar líkamsræktarstöðvar gerðu út á foreldra með lítil börn, ekki síst mæður. Til dæmis væri boðið upp á kerrupúl og mömmujóga. Ein móðirin sagðist hafa heyrt af framboði líkamsræktarstöðvanna í gegnum Fésbókina á netinu.

Vegna þjónustutryggingar

Fram kom óánægja hjá sumum mæðrum með að þjónustutrygging hefði verið lögð af. Of mikil áhersla væri á að börn færu til dagforeldra frekar en að foreldrar væru heima með börnin.

Almennt um upplýsingaflæði

Hjá einni móðurinni sem er af erlendum uppruna kom fram óánægja með upplýsingar á netinu. Of lítið af upplýsingum væri á ensku. Ein móðir sagðist frekar nota heimasíðuna draumaborn.is frekar en barnaland.is þar sem sú fyrri væri lokuð og betur haldið utan um umræðuna þar. Ekki töluðu allir vel um Barnaland, sögðu slúður þar vera mikið og síðan væri mikið notuð fyrir sölumennsku. Þrátt fyrir þetta voru einhverjar sem notuðu Barnaland til að leita sér upplýsinga. Starfsmaður Hins Hússins vildi gera mun á grunnþjónustu við foreldra, þ.e. upplýsingum um það sem snýr að umönnun barna, og svo upplýsingum um það sem snýr að félagslegum tengslum nýbakaðra forelda og stuðningi við þau. Það síðarnefnda væri síður hægt að flokka sem grunnþjónustu. Það væri hinsvegar ekki alltaf sem upplýsingar um grunnþjónustuþættina væru nógu aðgengilegar. Faðir sagði frá vandræðum með að nálgast upplýsingar um mannanafranafnd og hvernig ætti að bera sig að við að borga meðlag. Foreldrar voru ánægðir með bækurnar *Foreldrahandbókin* og *Árin sem enginn man*.

Hvaða þjónustu þurfa foreldrar ungra barna?

Áberandi var að foreldrar töluðu um að mikilvægt væri að bjóða fram einhver úrræði sem spornuðu gegn félagslegri einangrun nýbakaðra foreldra. Samvera og fræðsla væru mikilvæg í þessu sambandi. Slíkt gæti verið af ýmsu tagi og þyrfti ekki endilega að vera „ofurskipulagt“.

Samvera

Mæðurnar töluðu mikið um félagslega þáttinn. Í því samhengi var nefnt að mikilvægt væri að foreldrar gætu hist á ákveðnum stöðum, t.d. á róluvöllum, spjallað við aðra foreldra og losnað úr einangruninni. Á róluvöllum þyrfti að vera salernisaðstaða og hægt þyrfti að vera að breiða yfir sandkassa, en aðra þjónustu töldu foreldrar ekki nauðsynlega.

Annað

Kvartað var yfir að róluvöllum hefði fækkað og að salernisaðstaða mætti vera víðar fyrir foreldra með lítil börn. Auðvelda mætti foreldrum með barnavagna að ferðast um í strætó, jafnvel bjóða upp á ókeypis ferðir. Æskilegt væri að í borgarskipulaginu væri gert ráð fyrir að hægt væri að læsa barnavögnum við eitthvað (svipað og hjólagrindur fyrir reiðhjól), því barnavögnum er stundum stolið.

Foreldrar í rýnihópunum nefndu að þeir vildu fá fleiri græn svæði. Ein móðirin sagðist töluvert nota Elliðaárdalinn. Önnur móðir sagðist hafa eytt miklum tíma í IKEA og Smáralind þegar hún var í fæðingarorlofi, en það hafi verið ansi dýrt. Foreldrar sögðust nota róluvelli og leiksvæði leikskólanna nálægt heimilinu og fara í Húsdýragarðinn og sundlaugar.

Ein móðir af erlendum uppruna sagði frá leiklistarhópi sem hún er sjálf að setja á laggirnar. Þar geta foreldrar komið með börnin sín og leyft þeim að leika.

Ein móðirin sagði vanta að upplýsingum fyrir nýbakað foreldra væri safnað á einn stað á netinu. Hún sagðist sjálf hafa farið út í slíkt á fyrstu meðgöngunni, þ.e. sett upp síðu með tenglum á gagnlegar síður, og taldi að það hefði hjálpað mörgum.

Starfsmaður Hins Hússins sagði frá því að mikið vantaði upp á að nýbakaðir foreldrar vissu um þá styrki sem þeir kynnu að eiga rétt á hjá stéttarfélögum. Fólk ætti að fá lista yfir þau réttindi sem það hefur þegar það eignast barn.

Fram kom að fæðingarþunglyndi væri enn tabú, meiri fræðslu þyrfti um það til að styrkja fólk.